

FÉLAG HEIMSPEKIKENNARA

SKÝRSLA RITSTJÓRNAR STARFSÁRIÐ 2012-2013

Ritstjórnin 2012-2013

Í kjölfar aðalfundar Félags heimspekikennara í júní 2012 ákvað Skúli Pálsson að draga sig í hlé frá störfum ritstjórnar. Skúla eru færðar kærar þakkir fyrir framlag hans við stofnun Heimspekitorgsins og gott samstarf í ritstjórninni.

Kristian Guttesen bauð sig fram til setu í ritstjórninni í ágúst 2012 og hefur sinnt hlutverki tengiliðar ritstjórnar við stjórn Félags heimspekikennara. Aðrir meðlimir ritstjórnar voru Brynhildur Sigurðardóttir, Einar Kvaran og Íris Reynisdóttir.

Fundir ritstjórnar

Ritstjórnin hefur ekki haft fasta fundartíma. Fundur var haldinn í ágúst 2012 til að kynna starf ritstjórnarinnar fyrir Kristian og stilla saman strengi. Annar fundur ritstjórnar var haldinn í mars 2013 og þar var m.a. rætt um samstarf við Menntamiðju og Íris tók að sér að kanna þann möguleika. Á fundinum var farið yfir þá miðla sem ritstjórnin hefur sett upp og viðhaldið, tengsl þeirra og hlutverk. Þriðji fundur ritstjórnar var í lok apríl og þá heimsótti Tryggvi Thayer frá Menntamiðju fundinn og sagði frá möguleikanum á samstarfi Heimspekitorgs og Menntamiðju. Milli funda hafa samskipti ritstjórnarmeðlima farið fram í tölvupóstum og óformlegum hittingum. Í apríl 2013 setti Kristian upp facebook hóp fyrir ritstjórnina og hefur hann nýst vel til að auka dagleg samskipti.

Samstarfsaðilar

Ritstjórn Heimspekitorgsins hefur unnið í nánu samstarfi við stjórn félags heimspekikennara. Það er nauðsynlegt að einn fulltrúi sitji í báðum stjórnnum til að koma skilaboðum á milli því það styrkir samstarfið og auðveldar ritstjórninni að byggja vefsvæðið upp samkvæmt óskum félagsmanna.

Ritstjórnin átti líka samstarf við hóp heimspekikennara í Garðabæ um uppbyggingu á Verkefnabanka Heimspekitorgsins. Brynhildur hefur verið tengiliður ritstjórnar við þann hóp.

Helstu verkefni ritstjórnar

Heimspekitorg.is, vefsíðu Félags heimspekikennara, hefur verið viðhaldið og minniháttar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar. Ritstjórn hefur stefnt að því að síðan sé stöðug fréttaveita og að nýjar fréttir birtist að minnsta kosti einu sinni í viku. Kristian hefur unnið ötulllega að því að fá gesti til að skrifa greinar inn á síðuna og hefur það aukið fjölbreytnina á henni. Viðburðir félagsins eru alltaf auglýstir á áberandi stað. Tekin var ákvörðun um að allt efni á Heimspekitorginu væri merkt Copyleft sem þýðir að það er öllum frjálst að nýta það svo lengi sem það er ekki selt áfram í ágóða skyni.



Ingimar Waage, stjórnarmaður, hannaði lógó fyrir félagsins og hefur verið almenn ánægja með þessa táknmynd Félags heimspekikennara.

Elsa Haraldsdóttir og Einar Kvaran gerðu samning við Félag heimspekikennara um að skrifa grundvallartexta undir flipann „[Heimspekikennsla](#)“. Þeirri vinnu er nú að ljúka og textarnir að mestu leyti komnir inn á Heimspekitorgið.

Myndbönd um heimspekikennslu hafa verið birt á heimspekitorginu. Sum þeirra voru unnin af Einari Kvaran og Arnari Elíssyni, meðlimum í Félagi heimspekikennara og sýna þau viðtöl við íslenska heimspekikennara. Önnur myndbönd koma úr ýmsum áttum, innlend og erlend, en fjalla öll um heimspekikennslu.

Rafrænt [fréttabréf heimspekikennara](#) hefur verið sent mánaðarlega til félagsmanna og annarra áskrifenda. Brynhildur er ritstjóri þess og Kristian hefur samið efni og prófarkalesið. Í Fréttabréfinu eru ávallt tenglar inn á nýja kennsluseðla í Verkefnabanka Heimspekitorgsins.

[Facebook síða Félags heimspekikennara](#) hefur vaxið og dafnað og þar eru nú yfir 100 meðlimir. Á síðunni eru birtar fréttir af ýmsu tagi auk þess sem viðburðir félagsins eru auglýstir þar með öflugum hætti. Íris hefur tekið að sér að viðhalda Facebook síðunni. Facebook hópurnir hefur verið opinn öllum til aflestrar en einungis skráðir meðlimir geta skrifað inn á hana. Ritstjórn Félags heimspekikennara er einnig ritstjórn Facebook síðunnar og hefur veitt öllum sem um það hafa beðið aðgang að hópnum. Ritstjórn leggur til að þetta fyrirkomulag haldist óbreytt og að síðan haldi áfram að vera opin og aðgengileg.

[Verkefnabanki Heimspekitorgsins](#) er að verða fullmótaður. Hópurinn sem hefur unnið að uppbyggingu hans er skipaður af Brynhildi Sigurðardóttur, Ingimar Waage, Jóhönnu Guðrúnu Ólafsdóttur og Jóhönnu Kristínu Guðmundsdóttur. Verkefnabankinn var settur upp á sjálfstæðan Wordpress vef til að hægt væri að nýta möguleika Wordpress til flokkunar og leitar. Yfir 50 verkefni eru komin í bankann og henta þau öllum aldri. Hægt er að leita að verkefnum eftir aldurstigi, heimspekilegum viðfangsefnum, grunnþáttum menntunar og fleiri flokkunatriðum. Verkefni eru eftir innlenda og erlenda heimspekikennara og eru birt undir merkjum copleft.

Næsta starfsár ritstjórnar

Helstu verkefni ritstjórnar framundan eru:

- að klára að ganga frá textum undir flípanum „Heimspekikennsla“ á Heimspekitorgi
- að koma myndböndum félagsins betur fyrir á Heimspekitorginu
- að ganga frá tengingum milli Heimspekitorgsins og Verkefnabanka Heimspekitorgsins
- að koma á samstarfi milli Heimspekitorgsins og Menntamiðju. Íris hefur boðið sig fram sem tengiliður þessara verkefna
- að viðhalda miðlum félagsins: Heimspekitorginu, Fréttabréfinu og Facebook síðunni þannig að þeir haldi áfram að gefa góðan vitnisburð um hlutverk og starf heimspekikennara á Íslandi

Allir meðlimir ritstjórnar hafa áfram áhuga á að starfa sem slíkir. Aldrei hefur verið kosið í ritstjórn heldur hefur þeim sem hafa haft áhuga á að starfa að miðlum félagsins gefist kostur á því. Ritstjórnin hvetur fleiri til að íhuga setu í ritstjórninni eða koma á framfæri efni sem hægt er að birta á Heimspekitorginu.

Þakkir

Ritstjórn Heimspekitorgsins þakkar öllum samstarfsaðilum sínum fyrir skemmtilega þróunarvinnu á starfsárinu og hlakkar til að takast á við áframhaldandi uppbyggingarstarf.

Reykjavík 25. maí 2013

Brynhildur Sigurðardóttir
Einar Kvaran
Íris Reynisdóttir
Kristian Guttesen